

Någons bror

Höfundur texta og mynda: Viveka Sjögren (SV)
Vombat förlag, 2023

Tilnefnd til barna- og unglingabókaverðlauna
Norðurlandaráðs 2024

Sögupráður: „Ég veit það þegar ég heyr í þylrunni yfir húspökunum. Ég hafði sofnað en nú er ég vakandi. Ég veit að bráðum koma bláu ljósin, þessi sem loga í nóttinni fyrir ofan veggi húsa. Ég veit að nú hefur það gerst aftur. Ég veit: það er alltaf bróðir einhvers, vinur einhvers.“

Hér fylgjumst við með hugsunum og reynslu barns af ofbeldi, söknuði og sorg.

Efnisorð: tilfinningar, fjölskylda, dauði, sorg, söknuður, hrellingar, tilvera, sjónarhorn barns, innlifun

Samtöl og leikur:


Það er ekkert óeðlilegt að finna fyrir kvíða og hræðslu þegar við heyrum eða sjáum alvarlegt ofbeldi og glæpagengi. Það er aðferð líkamans til að bregðast við einhverju sem er óöruggt. Kvíði getur birst í mörgum myndum og við getum fundið fyrir honum á mismunandi hátt. Talaðu við einhvern fullorðinn sem þú treystir ef þú finnur fyrir kvíða eða ert að velta einhverju fyrir þér. Mundu að kvíðinn magnast bara ef þú byrgir hann inni en minnkar þegar þú getur talað um hann.

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðið myndirnar saman. Það er gott að vera með ljósið kveikt. Hlustið á barnið og grípið það sem barnið vill tala um. Verið til staðar sem fullorðinn sem veitir barninu öryggi.

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu bókarkápuna. Hvað heldurðu að bókin fjalli um?
2. Sérðu fuglinn á fleiri en einni opnu? Lesið síðustu opnu bókarinnar saman og teiknið eða búið til fugl.
3. Hvað getum við gert til að bregðast við því sem er erfitt? Sæktu hugmyndir í bókina og búðu til lista yfir það sem hægt er að gera með einhverjum fullorðnum.



4. Teiknaðu hluti sem þú hefur gaman af og æfðu þig í að skrifa nafnið þitt. Öll nöfn eru jafn mikilvæg.

5. Veltu fyrir þér hvort bekkjarfélagi þinn hefur gaman að sömu hlutum og þú eða einhverju allt öðru. Segið hvert öðru frá og hlustið hvert á annað. Við megum öll hafa okkar skoðanir.

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Veltu fyrir þér hvar í líkamanum við finnum fyrir tilfinningum. Teiknaðu mynd af manneskju og teiknaðu síðan tilfinningar á þá staði sem þú finnur fyrir þeim í líkamanum. Það eru ekki endilega sömu staðir hjá öllum.

2. Puttaprjón skiptir miklu máli í þessari sögu. Hjálpið að við að puttaprjóna.

3. Ræðið opnuna með hlutum sem bróðir einhvers var hrifinn af. Hvað myndir þú leggja þar?

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Í byrjun bókarinnar hlaupa allir pabbarnir niður stigana og allar mömmurnar standa út á svölum og þeim er kalt. Hvert eru allir pabbarnir að hlaupa? Hvers vegna heldurðu að þeir hlaupi?

Ræðið saman um hvernig fólk getur brugðist við á ólíkan hátt þegar það verður leitt, kvíðið eða óttaslegið. Hlustið á hvert annað.

2. Talið um tilfinningar og veltið fyrir ykkur hvert er hægt að sækja hjálp vegna erfiðra tilfinninga. Hvaða fullorðna þekkir þú sem geta veitt þér öryggi?

3. Börnin í bókinni tala lengi við kennarana um dauðann og ofbeldið og það sem gerist þegar fólk hatar. Þau tala um að enginn megi meiða bróður, systur eða vin. Kynnið ykkur Barnasáttmálann, hvers vegna skiptir máli að við séum með reglur og hvers vegna hlýðum við þeim ekki alltaf? Vinnið í litlum hópum með greinar úr Barnasáttmálanum og kynnið hvert fyrir öðru.

4. Í lok bókarinnar standa nöfn allra sem hjálpuðu til við bókina. Höfundurinn spyr: Hvaða orð geta skipt meira máli en nöfnin okkar? Er eitthvert orð mikilvægara en nöfnin okkar? Hvaða orð væru það þá?

5. Búið til vegg eða veggspjald með nöfnum ykkar og skoðið hvað er líkt og hvað ólíkt með þeim. Hvað gerir þig að þeirri manneskju sem þú ert? Hafðu í huga að allar manneskjur skipta jafn miklu máli.

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

George er borte. Höfundur texta og mynda: Ragnar Aalbu
Loftar tú mær? Höfundur texta og mynda: Rákel Helmsdal
Alla mina sista. Höfundur texta og mynda: Maija Hurme
Flata kaninin. Höfundur texta og mynda: Bárður Oskarsson

MÁLAMOLI

"Bróðir"

sænska

Bror

danska

Bror

norska

Bror

íslenska

Bróðir

færeyska

Beiggi

grænlenka

Qatanngut
nukappiaraq

finnska

Veli

norðursamíska

Viellja



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)